

Hraunavinir  
Ragnhildur Jónsdóttir, formaður  
Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands  
Helena Mjöll Jóhannsdóttir, formaður

Reykjavík, 15. maí 2017  
Tilvísun: 201704072 / 2.8.2

---

## Efni: Áskorun um endurskoðun matsskýrslu um Suðvesturlínur

---

Vísað er til erindis Hraunavina og Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands dags. 28. apríl sl. þar sem farið er fram á að Skipulagsstofnun láti fara fram endurskoðun á matsskýrslu Landsnets frá árinu 2009 um Suðvesturlínur á grundvelli 2. mgr. 12. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, vegna breyttra forsendna fyrir framkvæmdinni og breytinga á löggjöf um umhverfismál. Í erindinu er m.a. bent á dóm Hæstaréttar frá 16. febrúar 2017 í máli nr. 575/2017 og úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 28. mars 2017 þar sem felld voru úr gildi framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Voga fyrir Suðurnesjalínu 2 vegna galla í matsskýrslu Suðvesturlína og álitistofnunarinnar um skýrsluna.

### 12. gr. laga nr. 106/2000

Í erindinu er byggt á 2. mgr. 12. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum (hér eftir nefnd matslögin). Í erindinu er ekki vísað til 1. mgr. 12. gr. heldur aðeins 2. mgr. Að mati Skipulagsstofnunar verður að gæta að innra samræmi milli þessara málsgreina og túlka og beita ákvæði 2. mgr. með hliðsjón af ákvæði 1. mgr. Til stuðnings þessum lagaskilningi bendir stofnunin á að í 2. mgr. er sérstaklega vísað til ákvæðis 1. mgr.

Í 1. mgr. 12. gr. er mælt fyrir um að ef framkvæmdir hefjast ekki innan tíu ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir skuli viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar stofnunarinnar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt. Samkvæmt þessu ákvæði þurfa að hafa liðið 10 ár frá því að álit Skipulagsstofnunar lá fyrir. Í tilviki Suðvesturlína eru liðin tæp 8 ár frá því að umhverfismatsferli lauk og því eiga ákvæði 12. greinar matslaganna ekki við í þessu máli. Á þessari forsendu er beiðni um endurskoðun matsskýrslu á grundvelli 12. gr. matslaganna vísað frá. Skipulagsstofnun telur jafnframt af þeim sökum ekki tilefni til þess að stofnunin taki efnislega afstöðu til málsástæðna sem raktar eru í erindinu sem lúta að breyttum forsendum fyrir Suðvesturlínum og breytingum á löggjöf um umhverfismál.

Skipulagsstofnun bendir einnig á að stofnunin hefur ekki önnur úrræði samkvæmt lögum til að taka ákvörðun um að framkvæmdaraðila beri að endurskoða matsskýrslu en þau sem tilgreind eru í 12. gr. matslaganna. Framkvæmdaraðili er ábyrgur fyrir mati á umhverfisáhrifum, sbr. 16. gr. matslaganna.

Hann getur ákveðið að fara með framkvæmd að nýju í umhverfismat. Þannig hefur Landsnet nýverið tilkynnt um að fyrirtækið hafi ákveðið að nýtt umhverfismat verði gert fyrir Blöndulínu 3.

Þá bendir Skipulagsstofnun á að leyfisveitendur þurfa við afgreiðslu leyfisumsókna að taka afstöðu til þess hvort forsendur eru til að veita viðkomandi leyfi, sbr. áður tilgreindan dóm Hæstaréttar og úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

### Sandskeiðslína

Í erindinu er haldið fram að sú framkvæmd sem Landsnet hefur sótt um framkvæmdaleyfi fyrir og kynnt fyrir sveitarfélögum sem Sandskeiðslínu sé ekki sama framkvæmd og kynnt var í matsskýrslu.

Skipulagsstofnun hefur ekki gögn í málinu til að taka afstöðu til þessa efnis.

Stofnunin bendir hinsvegar á að samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulagslaga skal sveitarstjórn við umfjöllun um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna matsskyldrar framkvæmdar kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og kanna hvort framkvæmdin sé sú sem lýst er í matsskýrslu. Með hliðsjón af þessu ákvæði ber viðkomandi sveitarfélagi, áður en það afgreiðir umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir Sandskeiðslínu, að ganga úr skugga um hvort línan sé sú sama og kynnt var í matsskýrslu vegna Suðvesturlína. Komi í ljós að um breytta framkvæmd er að ræða þarf sveitarfélagið að taka afstöðu til þess hvort og þá hvaða afleiðingar það hefur að lögum að því er varðar afgreiðslu á umsókninni. Skipulagsstofnun minnir í því sambandi á að breytingar á matsskyldri framkvæmd eru eftir atvikum matsskyldar eða tilkynningarskyldar, sbr. tl. 13.01 og 13.02 í 1. viðauka við matslög.

### Reglugerð um varnir gegn mengun vatns

Í erindinu er þeirri afstöðu lýst að Suðvesturlínur, sem fara yfir vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins, séu ekki heimilar sé litið til reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Skipulagsstofnun bendir á að samkvæmt gr. 4.1 í reglugerðinni ber heilbrigðisnefnd/heilbrigðiseftirliti á viðkomandi svæði að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt. Gert er ráð fyrir umræddum raflinum í skipulagsáætlunum viðkomandi sveitarfélaga, en við gerð skipulagstillagna á vatnsverndarsvæðum er haft samráð við heilbrigðiseftirlit viðkomandi svæðis, með tilliti til áhrifa áformaðra framkvæmda á vatnsvernd. Séu uppi álitamál gagnvart ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 við veitingu leyfa til framkvæmdanna, er það á ábyrgð viðkomandi heilbrigðisnefndar og heilbrigðiseftirlits að taka afstöðu til þess og bregðast við.

### Dómur Hæstaréttar

Í dómi Hæstaréttar frá 16. febrúar 2017 í máli nr. 575/2017, sem vísað er til í erindinu, kemur eftirfarandi fram:

„Áfrýjendur hafa ekki hnekt því sem stefndu hafa haldið fram allt frá upphafi undirbúnings að framkvæmdum vegna Suðurnesjalínu 2 að jarðstrengur í stað loftlínu væri raunhæfur kostur sem kanna þyrfti til þrautar, áður en ráðist yrði í stórvægilegar framkvæmdir. Jarðstrengur var því í skilningi 2. málsliðar 1. mgr. 8. gr. og 4. málsliðar 2. mgr. 9. gr. laga nr. 106/2000 möguleiki um framkvæmdarkost sem til greina gat komið, og bar því að gera grein fyrir honum í tillögum og matsskýrslum í matsferlinu og bera hann saman við annan eða aðra framkvæmdarkosti. Það var ekki gert að öðru leyti en því að látið var nægja að vísa til almennra sjónarmiða um kosti og galla jarðstrengja.“ (feitletrun Skipulagsstofnunar)

Síðar í dómi Hæstaréttar segir:

„Umhverfisáhrifum jarðstrengs í samanburði við aðra framkvæmdarkosti hefur samkvæmt því ekki verið lýst á fullnægjandi hátt og uppfylltu matsferlið og umhverfismatsskýrslan því ekki þann áskilnað sem gerður er í lögum



um mat á umhverfisáhrifum, skipulagslögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Samkvæmt því gátu matsskýrsla Landsnets hf. um Suðurnesjalínu 2 og álit Skipulagsstofnunar um skýrsluna ekki verið lögmætur grundvöllur undir ákvörðun sveitarfélagsins um veitingu framkvæmdaleyfisins sem samkvæmt því var reist á röngum lagagrundvelli. Úr þessum galla á **umhverfismatinu** hefur ekki verið bætt, enda getur áðurgreind valkostaskýrsla Landsnets hf. sem kynnt var í október 2016 hvorki samkvæmt grundvelli sínum, efni né tilgangi bætt þar úr.“ (feitletrun Skipulagsstofnunar)

Af þessu verður ráðið að Hæstiréttur gerir athugasemd við þá aðferðafræði umhverfismatsins sem fól í sér almennan samanburð á loftlínunum og jarðstrengjum. Jafnframt verður ekki annað ráðið af dómnum en að Hæstiréttur eigi við mat á umhverfisáhrifum Suðvesturlína, en Suðurnesjalína 2 er einn kafli þeirra lína sem matsskýrsla um Suðvesturlínur tekur til. Með það í huga telur Skipulagsstofnun að dómurinn hafi þýðingu fyrir aðra hluta Suðvesturlína en Suðurnesjalínu 2 sem og eftir atvikum aðrar línuframkvæmdir, þar sem jarðstrengur er talinn raunhæfur valkostur, í heild eða að hluta.

### Niðurstaða

Með vísan til þess sem er rakið að framan er það ákvörðun Skipulagsstofnunar að vísa frá beiðni Hraunavina og Náttúruverndarsamtaka Íslands um endurskoðun matsskýrslu um Suðvesturlínur á grundvelli 12. gr. matslaganna.



Ottó Björgvin Óskarsson

Afrit:

Landsnet hf.  
Kópavogsbær  
Hafnarfjarðarbær  
Reykjavíkurborg  
Garðabær  
Reykjanesbær  
Grindavíkurbær  
Sveitarfélagið Vogar  
Mosfellsbær  
Sveitarfélagið Ölfus  
Sveitarfélagið Garður